

II.

Ákvæði laga þessara haggja ekki samþykktum reynslusveitarfélaga um framkvæmd vinnumiðlunar. Ákvæði þetta gildir til 31. desember 1999.

Gjört í Reykjavík, 13. mars 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG

**um breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna,
nr. 19 6. apríl 1966, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrri málsliður 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 133/1993, orðast svo: Þegar sá sem í hlut á nýtur réttar hér á landi samkvæmt reglum samnings um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt, þjónustustarfsemi eða fjármagnsflutninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 20. mars 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

**um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál,
nr. 41/1992, með síðari breytingu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

2. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

3. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. og 2. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1994, kemur: Ráðherra.

4. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. og 2. másl. 11. gr. laganna kemur: ráðherra.

5. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 23. gr. laganna kemur: Ráðherra.

6. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 27. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Gjört á Bessastöðum, 21. mars 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 30. mars 1987 með síðari breytingum.

1. gr.

Tollskránumérið 3707.9000 skiptist upp og orðist svo:

	A	E
	%	%
— Annað:		
3707.9010 --- Vætiefni (Stabilizer) til ljósmyndunar	0	
--- Annars:		
---- Upplausnir:		
3707.9020 ----- Notaðar án þynningar með vatni	0	
----- Þynntar með vatni fyrir notkun:		
3707.9031 ----- Í rúmmálshlutföllum minna en 1:2 (einn hluti kemísks efnis, minna en tveir hlutar vatns)	0	
3707.9032 ----- Í rúmmálshlutföllum 1:2 og minna en 1:3		